

Akureyri

Ferðamálastefna Akureyrar

2016 - 2026

Meginþemu

Allar árstíðir

Innviðir

Vistvæn og græn

Menning

Útivist



Inngangur

Vorið 2015 fór af stað vinna við ferðamálastefnu Akureyrar. Frá upphafi var lögð áhersla á samráð við ferðabjónustu, fagaðila og íbúa. Haldnir voru tveir opnir fundir á Akureyri þar sem hagsmunaaðilum og öðrum áhugasömum var boðið að leggja grunn að stefnunni. Einnig voru haldnir opnir fundir í Hrísey og Grímsey. Stefnan byggir á þessari vinnu, auk þess sem drög að stefnunni voru kynnt sérstaklega á heimasíðu bæjarins og bauðst áhugasömum að koma athugasemdum á framfæri þar.

Ferðamálastefnuna unnu Albertína Friðbjörg Elíasdóttir atvinnufulltrúi Akureyrarbæjar og María Helena Tryggvadóttir ferðamálafultrúi Akureyrarbæjar.

Þeim til ráðgjafar var settur á fót hópur sem í voru:

Arnheiður Jóhannsdóttir - fulltrúi Markaðsstofu Norðurlands
Baldvin Valdimarsson - fulltrúi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar
Bergþór Erlingsson - tilnefndur af Ferðamálasamtökum Norðurlands eystra
Elías Bj. Gíslason - fulltrúi Ferðamálastofu
Elva Gunnlaugsdóttir - fulltrúi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar
Eva Hrund Einarsdóttir - tilnefnd af stjórn Akureyrarstofu
Kristín Sóley Björnsdóttir - fulltrúi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála
Sígfús Karlsson - tilnefndur af stjórn Akureyrarstofu
Sigrún Björk Jakobsdóttir - tilnefnd af Ferðamálasamtökum Norðurlands eystra

Ferðamálastefnan er mikilvægt verkfæri fyrir bæjar- yfirvöld og varðar áherslur sveitarfélagsins í ferðamálum næstu árin. Stefnan er byggð á verkefnum sem snúa að því að byggja upp Akureyri sem eftirsóknarverðan áfangastað fyrir ferðafólk og sem fyrirmyndarsveitarfélag fyrir íbúa og fyrirtæki.

Þessari stefnu fylgir ítarleg aðgerðaráætlun með verkefnum, tímasettri verkáætlun fyrir fyrsta árið og markmiðum sem Akureyrarstofa mun nota til að fylgja stefnunni eftir, auk fróðlegra hagtölugagna varðandi ferðabjónustu á Akureyri.

Framtíðarsýn

Akureyri: Vistvænn og grænn heilsárs- áfangastaður sem býður fjölbreytta upplifun og góða þjónustu.

Þannig verður ábati samfélagsins af ferðabjónustunni mestur.

Núverandi staða

Akureyri hefur verið einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga í áratugi og má sjá það m.a. á gistináttatölum síðustu ára og niðurstöðum kannana á vegum Ferðamálastofu¹. Hlutfall erlendra gesta hefur vaxið hratt síðustu ár og er nú svo komið að þeir eru í miklum meirihluta þeirra er gista á hótélum og gistiheimilum á Akureyri samkvæmt heimildum Hagstofunnar². Þetta á sérstaklega við um sumarmánuðina. Hægt er að skoða breytingu á fjölda ferðamanna á Akureyri sem áætlaður er út frá fjölda gistinátta í sérstöku fylgiskjali auk þess sem skoða má umferðartölur í nágrenni Akureyrar, farþegatölur um Akureyrarflugvöll og með ferjunum til Hríseyjar og Grímseyjar.

Á Akureyri eru hátt í 200 fyrirtæki í ferðaþjónustu, má þar nefna gististaði, veitingastaði, kaffihús, bílaleigur og afþreyingu af ýmsu tagi. Mörg fyrirtækjanna eru lítil en hér eru einnig nokkur stærstu fyrirtæki landsins á sínu sviði með höfuðstöðvar. Framboð á gistingu á Akureyri einkennist af fjölda minni gististaða og orlofsíbúða sem eru um 45% alls skráðs gistirýmis. Fimm heilsárshótel eru í bænum og eitt sumarhótel sem samtals bjóða upp á 511 herbergi eða um 55% af gistirými svæðisins.

Afþreying er orðin mikilvægur hluti ferðaþjónustunnar í bænum og nægir að nefna fjölda safna, hvalaskoðun, bæjarleiðsögn, skoðunar- og skíðaferðir.

Umhverfis Akureyri má finna 8 útivistarsvæði, auk Hríseyjar og Grímseyjar, sem bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til afþreyingar og útivistar. Flest svæðanna eru skipulögð með góðu aðgengi, göngustígum og upplýsingaskiltum. Þar að auki er ágætt aðgengi fatlaðra í Kjarnaskógi.

Góð aðstaða til fuglaskoðunar er á fjórum stöðum í sveitarfélaginu. Skíðasvæði Akureyringa er eitt þekktasta skíðasvæði landsins og telur 8 lyftur og 28 skíðaleiðir, auk 27 km af gönguskíðabrotum. Þá hefur verið byggð upp fyrirmyndar aðstaða fyrir hjólafélk m.a. með hjólastíg úr Hlíðarfjalli niður í Kjarnaskóg.

Um 30 árlegir viðburðir eru haldnir á Akureyri allt árið um kring, auk fjölda minni viðburða svo sem leik- og listsýninga, tónleika og gjörninga, sem skráðir eru á viðburðardagatal Akureyrarstofu.

Umfangsmikill vefur á íslensku og ensku heldur utan um alla þá þjónustu sem er í boði fyrir gesti og bæjarbúa, www.visitakureyri.is, auk þess sem möguleikar helstu samfélagsmiðla eru nýttir.


Hlutverk sveitarfélagsins

Eins og kemur fram í Vegvísi í ferðaþjónustu³ þá er ferðaþjónusta í eðli sínu umfangsmikil og ábyrgð á ólíkum þáttum liggur víða. Ferðaþjónustan er sömuleiðis atvinnugrein sem vex hratt og vegur æ þyngra í þjóðhagsreikningum og þar með í rekstri sveitarfélaga.

Hlutverk sveitarfélaga í ferðaþjónustu er jafnframt nokkuð slungið. Þau eiga að skapa aðstæður þar sem ferðaþjónustan getur vaxið, auk þess að styðja beint við greinina m.a. með þátttöku í markaðssetningu sveitarfélaganna og landshlutanna og þrýstingi á ríkisvaldið þegar á þarf að halda. Sveitarfélögin eru jafnframt beinir þátttakendur í ferðaþjónustu með rekstri af ýmsu tagi, svo sem rekstri safna, upplýsingamiðstöðva, sundlauga og skíðasvæða.

Þannig er mikilvægt að sveitarfélagið sé meðvitað í áætlanagerð sinni um mikilvægi uppbyggingar ferðamannastaða og innviða, m.a. með því að gæta þess í skipulagi að hafa nægt framboð lóða sem henta ferðaþjónustufyrirtækjum. Öflug ferðaþjónusta gerir sveitarfélagið að ákjósanlegri áfangastað og styrkir markaðssetningu þess út á við.

Fjöldi gistinátta á hótélum á Akureyri



¹ Ferðamálastofa, Ferðalög Íslendinga (Janúar 2016)

² Hagstofa Íslands (2016)

³ Stjórnstöð ferðamála, Vegvísir í ferðaþjónustu (október 2015)

Tækifæri til vaxtar

Í vinnu við stefnuna spruttu fram alls kyns hugmyndir og tækifæri til vaxtar. Þannig eru talin tækifæri í áframhaldandi uppbyggingu útivistarsvæða, einkum í tengslum við þróun afþreyingar, svo sem heilsársnýting og uppbygging Hlíðarfjalls, fjölgun hjólastíga, golf, fuglaskoðun og skíði. Menning og matarmenning hafa orðið meira áberandi á síðustu árum en ennþá eru ónýtt tækifæri á því sviði, t.a.m. með tengingu við Pollinn. „Vatnabærinn Akureyri” var nýtt til að lýsa öllum þeim hugmyndum sem fram komu og tengjast vatni, en þær sneru m.a. að gerð ylstrandar, auknu bátalífi, fjölbreyttri nýtingu á heitu vatni og uppbyggingu sundlaugarinnar. Í lokin var hugað að skipulags-



málum innan sveitarfélagsins og þar einkum horft til aukinna merkinga/vegvísa, áframhaldandi uppbyggingar stíga og gönguleiða, auk þess sem sögu bæjarins má koma betur á framfæri. Í bæði Grímsey og Hrísey eru tækifæri í aukinni fuglaskoðun, sjóstangveiði og siglingum, bættum samgöngum og aukinni markaðssetningu. Þá eru tækifæri á báðum stöðum í fjölgun gistimöguleika. Í Grímsey var rætt sérstaklega um markaðssetningu á heimskautsbaugnum og í Hrísey tækifæri í þróun og kynningu á afþreyingu í tengslum við orkulindina, fuglaskoðun og miðnætursólina.

Gildi og mörkun

Í vinnu við stefnuna kom ítrekað fram nauðsyn þess að Akureyri marki sér gildi sem nýtt yrðu í markaðssetningu sveitarfélagsins. Gildi fyrir Norðurland í heild hafa verið skilgreind af Markaðsstofu Norðurlands og eru: Fagmennska, samstarf og framsýni. Ímynd Norðurlands byggir á kyrrð, orku og töfrum. Mikilvægt er að gildi Akureyrar hafi samhljóm við gildi Markaðsstofunnar og þar með annarra sveitarfélaga á Norðurlandi.

Fjölmargar hugmyndir komu fram í vinnunni; fegurð og fjölbreytni, gestrisni og kurteisi, menning og listalíf, nálægð við þjónustu - nálægð við náttúruna svo fátt eitt sé nefnt.

Eitt kom þó fram aftur og aftur en það var hjartað. Hjartað sem kom fram sem viðbrögð samfélagsins við efnahagshruninu 2008 hefur lifað áfram og er orðið órofa hluti samfélagsins. Hjörtun í umferðarljósunum vekja ávallt athygli og mörg fyrirtæki eru enn með hjörtun í gluggum sínum.

Lagt er til í einu verkefna stefnunnar að farið verði í þá vinnu að vinna mörkun fyrir Akureyri og liggur beint við að horfa fyrst til hjartans sem hluta af mögulegri mörkun, enda Akureyri hjarta Norðurlands.



Megin- þemu

Við setningu markmiða og verkefna ferðamálastefnu Akureyrar var m.a. horft til Vegvísis í ferðaþjónustu (2015), stefnu Markaðsstofu Norðurlands og Menningarstefnu Akureyrar. Niðurstaðan varð að skipta yfirmarkmiðum í fimm þætti:

1. ALLAR ÁRSTÍÐIR

2. INNVIÐIR

3. VISTVÆN & GRÆN

4. MENNING

5. ÚTIVIST

Þá er sérstaklega fjallað um **HRÍSEY OG GRÍMSEY**.

Undir hverjum þætti eru dregin fram meginmarkmið og helstu aðgerðir til að ná þeim markmiðum.

1. Allar árstíðir

1. Gistinóttum yfir lágönn (október-maí) fjölgi um 12% á ári, í samræmi við meðaltal undanfarinna fimm ára.

- Þrýst á auknar rannsóknir á ferðaþjónustu og bætt aðgengi að niðurstöðum.
- Unnin mörkun (branding) fyrir Akureyri og út frá henni nýtt markaðsefni fyrir bæinn.
- Aukið samstarf ferðaþjónustuaðila á Akureyri.
- Aukið samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi til að styrkja svæðið í heild.
- Meiri áhersla á Hlíðarfjall sem einn af helstu seglum Akureyrar allt árið.

2. Komið verði á reglubundnu millilandaflugi allt árið um Akureyrarflugvöll.

- Áfram markvisst unnið að eflingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll með flugklasanum AIR66 og Markaðsstofu Norðurlands.
- Áfram þrýst á uppbyggingu og aukna þjónustu flugvallarins.

3. Hjartað í Vaðlaheiðinni slær.

- Hjartað í Vaðlaheiðinni endurgert, þannig að það verði kennileiti á ný.



4. Fimm til tíu nýir afþreyingarmöguleikar verði til á Akureyri á næstu fimm árum.

- Afgreiðslu- og opnunartími stofnana á vegum bæjarins skoðaður með tilliti til þarfa ferðaþjónustunnar.
- Markvisst unnið að stuðningi við nýsköpun og hvatt til aukinnar vöruþróunar á sviði ferðaþjónustu á Akureyri.

5. Viðburðir sem höfða til ferðamanna verði eflidir og þeim fjölgað, á tímabilinu september til maí.

- Akureyrarstofa vinni í ágúst á ári hverju yfirlit yfir viðburði næsta árs og sendi út á ferðaskrifstofur og aðra hagsmunaaðila.
- Viðburðahaldarar hvattir til að búa til kynningarefni á bæði íslensku og ensku.
- Settur á fót ráðstefnuklasi sem hefur það að markmiði að efla stærra fundi á Akureyri og fjölga þeim.
- Akureyrarstofa og forstöðumaður íþróttamála standi fyrir árlegum samráðsfundi íþróttfélaga á Akureyri. Á Akureyrarstofu verði ávallt til uppfærður kynningarpakki um bæinn sem fyrirtæki/stofnanir, félagasamtök og íþróttafélög fá til afnota.
- Akureyrarbær setji sér á hverjum tíma stefnu um hvaða viðburði mest áhersla er lögð á m.t.t. þátttöku í framkvæmd og markaðssetningu.
- Frístundaráð í samráði við Akureyrarstofu móti stefnu varðandi aðkomu sveitarfélagsins að íþróttatengdum viðburðum.

2. Innviðir

1. Aðgengi að helstu ferðamannastöðum tryggt allan ársins hring.

a) Tekið tillit til vinsælla áfangastaða ferðamanna innan sveitarfélagsins þegar kemur að snjómokstri og hálkuvörnum.

b) Aukinn þrýstingur settur á stjórnvöld um að tryggja heilsársaðgengi að vinsælustu áfangastöðum ferðamanna á Norðurlandi.

2. Heimsóknir á upplýsingasíður bæjarins tvöfaldist á næstu fimm árum.

a) Niðurstöður úr rannsóknum (sbr. verkefni undir Allar árstíðir) nýttar til að bæta upplýsingasíður bæjarins.

Leiðir til vaxtar

Tækifæri til vaxtar eru mörg en grundvallarforsenda fyrir ferðaþjónustu á Akureyri liggur í því að fá hingað beint millilandaflug allt árið um kring, auk aukinnar þróunar innanlandsflugs og annarra samgangna á landi.

Fjöldmörg tækifæri eru talin ónýtt í bæjarlandinu, meðal annars í uppbyggingu í Hlíðarfjalli og á Glerárdal, en ekki síður í uppbyggingu í Hrísey og Grímsey sem einstakra áfangastaða.

Þá eru talin liggja tækifæri í því að auka samvinnu milli sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila á svæðinu um þróun og uppbyggingu Eyjafjarðar og Norðurlands sem ferðamannastaðar.

Innviðir voru oft nefndir, þ.á m áframhaldandi uppbygging samgöngumannvirkja, opnun Vaðlaheiðarganga og heita vatnið í göngunum, stytting leiðarinnar frá Akureyri til Reykjavíkur. Einnig bar bættar almenningssamgöngur á góma, s.s. bein tenging við Keflavík og aukin uppbygging við Dettifoss, Mývatn og Goðafoss. Þá voru einnig nefnd atriði sem sneru beint að sveitarfélaginu eins og t.a.m. uppbygging og endurbætur á sundlaug og útivistarmannvirkjum.

Tækifæri þykja einnig liggja í auknum gæðum í ferðaþjónustu, aukinni samvinnu smærri afþreyingaraðila og aukinni markaðssetningu og kortlagningu nýrra markaða. Þá voru talin vera tækifæri í meiri áherslu á þjónustu við jaðaríþróttir og starfsemi fyrirtækja á Akureyri, s.s. í matvælaíðnaði, sem gætu tekið á móti gestum og kynnt starfsemi sína.

b) Rafræn þjónusta Akureyrarbæjar efld enn frekar hvað snýr að upplýsingagjöf til ferðamanna.

c) Myndabanki Akureyrarstofu styrktur enn meira.

d) Rekstur Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna styrktur.

3. Framboð á námskeiðum fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu verði aukið.

a) Kortlagning námskeiða til að auka gæði ferðaþjónustu á Akureyri.

4. Komið verði upp samgöngumiðstöð þar sem tekið er tillit til þarfa ferðaþjónustunnar.

5. Aukið samstarf sveitafélagsins, Hafnarsamlagsins og hagsmunaaðila vegna skemmtiferðaskipa.

a) Hafnarsamlag Norðurlands geri stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa fyrir lok árs 2017 í samstarfi við sveitarfélagið og hagsmunaaðila.

6. Leitað verði eftir fjárfestingu einkaaðila í afþreyingarmöguleikum sem hafa mikið aðdráttarafl þannig að meirihluti ferðamanna heimsæki eða nýti sér.

a) Kannað verði sérstaklega hvort klárflyfta upp á efstu brúnir Hlíðarfjalls geti orðið að veruleika sem einkaframkvæmd.



3. Vistvæn og græn

1. Akureyri verði grænn áfangastaður.

- a) Umhverfisnefnd Akureyrarbæjar vinnur nú þegar að því að setja sveitarfélaginu umhverfisstefnu. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í byrjun árs 2017.
- b) Ferðaþjónustufyrirtæki verði hvött til að spegla metnaðarfulla umhverfisstefnu Akureyrarbæjar.
- c) Ferðaþjónustuaðilar á Akureyri verði hvattir til að miðla upplýsingum um flokkun sorps í sveitarfélaginu til ferðamanna.
- d) Í öllu kynningarefni sem Akureyrarbær sendir frá sér verði reynt að koma á framfæri áherslu sveitarfélagsins á umhverfisgæði og umhverfismál.
- e) Lögð verði áhersla á að minnka prentað efni en bjóða frekar upp á rafrænar upplýsingar.
- f) Flokkunartunnur verði settar á fjölförnum leiðum til að gera flokkunina sýnilegri.

2. Fjölgun ferðaþjónustufyrirtækja í Vakanum um fimm á ári næstu þrjú árin.

- a) Í samstarfi við Ferðamálastofu verði kynnt reglulega hvaða fyrirtæki eru þátttakendur í Vakanum og þýðingu þess.



3. Allir veitingastaðir á Akureyri verði komnir með Vistorkuvottun árið 2018.

- a) Í samstarfi við Vistorku verður komið á vottunar- og hvatningarkerfi fyrir veitinga- og gistaði. Innleiðing á verkefninu hófst í nóvember 2016.
- b) Unnið verði að því að kynna Akureyri sem vistvæn og kolefnishlutlaust sveitarfélag í samstarfi við Vistorku. Sérstök áhersla verði lögð á að draga fram þau fyrirtæki sem vinna að vistvænum lausnum og kynna starfsemi þeirra.



Hrísey

1. Hrísey verði sköpuð sérstaða sem perla Eyjafjarðar og öll uppbygging taki mið af þeirri sérstöðu.

- a) Hönnun á útliti og skipulagi út frá sérstöðunni.

2. Aukinn fjöldi afþreyingamöguleika og þjónustu.

- a) Haldin verði námskeið og vinnustofur.
- b) Sjósundaðstaðan þróuð áfram og tengd sundlauginni. Kynning á aðstöðunni verði efl.
- c) Þróuð verði og kynnt aðstaða fyrir fundi og samkomur í eyjunni.

3. Fjölgun ferðamanna.

- a) Unnið að aukinni markaðssetningu með áherslu á sérstöðu eyjarinnar.
- b) Þrýst verði á bættar samgöngur milli Akureyrar og Hríseyjar.

4. Útivist

1. Framboð og þátttaka í sjávertengdri afþreyingu tengdri Pollinum aukist næstu fimm árin.

- Teknar verði saman árlega upplýsingar um fjölda gesta og framboð ferða.
- Haldnir verði a.m.k. einu sinni á ári fundir með hagsmunaaðilum til að ræða nýtingu svæðisins og huga að framtíðarþróun.
- Pollurinn verði hreinn og heilnæmur.
- Unnið verði að enn frekari uppbyggingu strandlengjunnar meðfram Pollinum.



2. Útivistarkostum í bæjarlandinu verði fjölgað og unnið að því að bæta þá sem þegar eru til staðar, s.s. Hlíðarfjall, Lystigarð, Kjarnaskóg og Óshólma Eyjafjarðarár.

- Sérstök áhersla verði lögð á að kynna gönguleiðir í bænum, meðal annars með því að hafa aðgengileg kort og GPS punkta yfir leiðirnar.
- Samhliða uppbyggingu virkjunar á Glerárdal verði unnið markvisst að því að kynna og þróa dalinn sem útivistarsvæði.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging á aðstöðu til fuglaskoðunar í sveitarfélaginu, meðal annars með stígagerð og byggingu skýla. Sérstaklega verði litið til samstarfsverkefna með öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi um markaðssetningu og kynningu fuglastíga.

3. Á öllum útivistarsvæðum sveitarfélagsins og helstu gönguleiðum verði fræðslu- og upplýsingaskilti um viðkomandi svæði.

- Vegvísing fjölgað og bætt við upplýsingaskiltum.

4. Upplýsingar um fjallahjólástíga í bæjarlandinu verði aðgengilegar á vef Akureyrarbæjar.

- Þar verði hægt að finna GPS punkta, texta og myndir frá stígunum.



Grímsey

1. Grímsey verði vinsæll áfangastaður og þekkt fyrir að vera nyrsta byggða ból Íslands.

- Unnið verði að uppbyggingu og hönnun áfangastaðarins.
- Aukinn markaðssetning þar sem lögð verði áhersla á sérstöðu eyjarinnar.

2. Aukið hlutfall gesta sem dvelja lengur en hluta dags í Grímsey.

- Þrýst verði á fjölgun áætlunarferða til Grímseyjar allt árið og þá sérstaklega í apríl til september.
- Aðstaða á tjaldsvæðinu í Grímsey bætt.

3. Fjölga störfum í ferðaþjónustu og auka tekjur íbúa af ferðaþjónustu m.a. með sölu afþreyingar, þjónustu og minjagripa.

- Haldin námskeið og vinnustofur.

5. Menning*

1. Aukin þjónusta safna við ferðamenn og ferðaskipuleggjendur.

a) Stjórn Akureyrarstofu móti safnastefnu fyrir sveitarfélagið. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2017.

b) Á öllum söfnum sé til kynningarefni á öðrum tungumálum en íslensku, ekki síst á heimasíðum. Að auki verði boðið upp á viðburði / leiðsagnir fyrir erlenda ferðamenn.

c) Afgreiðslutími utan sumars verði aukinn og verðskrár vegna sértækra opnanna og annarrar þjónustu verði sýnilegri.

2. Aukinn fjöldi menningarviðburða sem henta ferðamönnum verði í boði.

a) Þjóða upp á menningarviðburði og/eða aðrar uppákomur sem henta innlendum og erlendum ferðamönnum í samstarfi við stofnanir á vegum Akureyrarbæjar, Menningarfélag Akureyrar og aðra áhugasama.

b) Gætt verði að því að dagskrá Listasumars á Akureyri höfði jafnt til ferðamanna sem heimafólks og að áhersla verði lögð á að kynningarefni sé bæði á íslensku og ensku.

3. Að komið verði á árlegri matarmenningarhátíð.

a) Stutt verði við matarmenningu svæðisins.

b) Akureyrarstofa styðji við Local Food Festival hátíðina með því að sitja í stýrihóp verkefnisins og vinna að þróun, framgangi og kynningu hátíðarinnar.

* Sérstaklega er fjallað um söfn og menningu í Menningarstefnu Akureyrararbæjar og væntanlegri safnastefnu.



Árangursmat og eftirfylgni

Mikilvægt er að stefnunni verði fylgt eftir í góðu samstarfi við aðra aðila innan og utan sveitarfélagsins, svo sem hagsmunaaðila ferðaþjónustu, stöðstofnanir og íbúa. Akureyrarstofa mun hafa það verkefni með höndum að fylgja stefnunni eftir, auk þess sem starfsmenn og stjórn verða ábyrg fyrir því að meta árangur og stöðu verkefna stefnunnar og birta reglulega. Forstöðumaður Akureyrarstofu og verkefnastjóri ferðamála fara reglulega yfir stöðu mála og taka saman stöðuskýrslur um einstök verkefni.

Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert verður unnin verkáætlun fyrir næsta ár á eftir þar sem áfangar eru tímasettir og lagt mat á kostnað.

Einu sinni á ári skal skila skýrslu um framvindu aðgerðanna og árangur þeirra til stjórnar Akureyrarstofu og kynna á fundi með hagsmunaaðilum á Akureyri. Stefnan verður endurskoðuð á 3ja ára fresti, næst árið 2019.

Frekari upplýsingar:

Auðvelt er að nálgast upplýsingar um ferðaþjónustu á Akureyri á vefsíðu Akureyrarstofu, www.visitakureyri.is. Ferðamálastefnuna og viðauka hennar má finna á vef Akureyrarbæjar, www.akureyri.is